

Opið brjef

Nr. 92.
22. nóvbr.

er

stefnir saman Alþingi til aukafundar á árinu 1918 þegar
stjórninni þykir nauðsyn bera til.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að láta Alþingi koma saman
til aukafundar á árinu 1918 þegar stjórninni þykir nauðsyn bera til.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum
Vjer öllum þeim, er setu eiga að hafa á þinginu, að koma dag þann, er stjórnin
ákveður, til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðs-
þjónustugjörð hefur farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.